

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 8. janúar 2026

Mál nr. S-544/2025:

Ákærvaldið

(Halldór Tumi Ólason saksóknarfulltrúi)

gegn

X og

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

Y

(Friðrik Smáráson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 11. desember sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, dagsettri 7. október 2025, á hendur X, kt. [...] og Y, kt. [...], bæði til heimilis að [...], [...],

„fyrir brot á ávana- og fíkniefnalögum, peningabætti og barnaverndarlagabrot:

I. Fíkniefnalagabrot

Gegn báðum ákærðu, X og Y, með því að hafa miðvikudaginn 16. júní 2021, í söluskyni staðið að ræktun og verið með í sameiginlegum vörslum sínum 6 kannabisplöntur í íbúð Y að [...] á Akureyri og sömuleiðis fyrir að hafa verið með í sama tilgangi í vörslum sínum á sama stað 8,39 gr. af hassolíu, 1.895 gr. af kannabislaufum, 330 gr. af kannabisstönglum og 1.002,51 gr. af maríhúana.

Telst þetta varða við 2. gr., og 4. gr. a, sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

II. Fíkniefnalagabrot

Gegn ákærða, X, með því að hafa miðvikudaginn 16. júní 2021, í söluskyni verið með í vörslum sínum 222,08 gr. af maríhúana í verslun í hans umráðum að [...] á Akureyri.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

III. Peningabætti

Gegn ákærða, X, með því að hafa á tímabilinu 23. júní 2020 til 23. júní 2021, aflað sér ávinnings með sölu á ávana- og fíkniefnum eða öðrum refsiverðum brotum, að fjárhæð 1.969.425 krónur, en samkvæmt greiningu á innlögnum á reikning ákærða var fjárinnstreymi inn á bankareikninga ákærða eftirfarandi á ofangreindu tímabili:

[Tafla]

	2020	2021
Heildarinnborganir á bankareikning [...]	[...]	[...]
Skýrðar tekjur	[...]	
<i>Mismunur</i>	[...]	[...]
	[...]	[...]
Óútskýrðar greiðslur frá einstaklingum og fyrirtæki	[...]	[...]
Óútskýrðar reiðufjárinnlagnir X	[...]	[...]
<i>Samtals óútskýrðar tekjur</i>	[...]	[...]
	[...]	[...]
-Fjárhæð metin til lækkunar á óútskýrðum tekjum	[...]	[...]
<i>Samtals óútskýrðar tekjur á bankareikningi</i>	[...]	[...]
<i>Aðrar óútskýrðar tekjur</i>	[...]	[...]
	[...]	[...]
Heildarandlag óútskýrðar fjármuna á ári	[...]	[...]
<i>Samtals</i>		<u>1.969.425</u>

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

IV. Barnaverndarlagabrot

Gegn ákærðu, Y, með því að hafa miðvikudaginn 16. júní 2021, stofnað lífi og heilsu A, kt. [...] í hættu þegar hún sagði barninu að stökkva fram af svölum íbúðar þeirra á annarri hæð að [...] á Akureyri. Barnið stökk síðan niður af svölunum, lenti í fangi ákærðu og haltraði svo á brott með ákærðu en á meðan börðu lögreglumenn að dyrum í blokkinni.

Telst þetta varða við 98. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þess er krafist að báðum ákærðu verði gert að sæta upptöku á plöntum og efnum sem lögreglan lagði hald á samkvæmt efnaskrá nr. 46264 og að ákærða X verði gert að sæta upptöku á efnum sem lögreglan lagði hald á samkvæmt efnaskrá nr. 46263. Þá er þess krafist að báðum ákærðu verði gert að sæta upptöku á eftirtöldum munum sem haldlagðir voru í málinu: stykki af hvítum Mazar straumbreyti, 2 Dutch Passion hitalampar, Mars

Hydro hitalampi, loftblásari með þéttull utan um, grænt og svart gróðurhúsatjald, Eheim air 400 loftdæla, Trixie AP-180 loftdæla, Dospel loftblásari, Cornwall TT150 loftblásari og Tetra APS400 loftdæla.

Upptökukröfur eru gerðar með vísan til 6. mgr. og 7. mgr. 5. gr. laga 65/1974 um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.“

Af hálfu ákærða X er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði að öllu leyti skilorðsbundin. Þá er krafist þóknunar til handa skipuðum verjanda.

Af hálfu ákærðu Y er krafist aðallega að henni verði ekki gerð refsing, en til vara að ákvörðun um refsingu verði frestað og til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfa sem verði alfarið bundin skilorði. Þá er krafist þóknunar til handa skipuðum verjanda.

Ákærðu hafa komið fyrir dóm og játað sök samkvæmt ákæru. Með játningu þeirra, sem ekki er ástæða til að efa að sé sannleikanum samkvæm, og gögnum málsins, er nægilega sannað að þau hafi gerst sek um þá háttsemi sem í ákæru er lýst og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða. Verður lagður dómur á málið án frekari sönnunarfærslu, sbr. heimildarákvæði 164. gr. laga nr. 88/2008.

Sakaferill ákærða X, að því er hér skiptir máli, er sá þann 6. janúar 2021 hlaut ákærði dóm fyrir brot gegn valdstjórninni, lögreglulögum og fyrir vörslur fíkniefna. Refsing var ákveðin fangelsi í tvo mánuði, skilorðsbundið í tvö ár. Þá hlaut ákærði 160.000 króna sekt með dómi þann 12. júlí 2022 fyrir umferðarlagabrot. Ákærði var jafnframt sviptur ökurétti í þrjú ár. Var um skilorðsrof að ræða en refsing var ekki dæmd upp. Þann 18. desember 2024 hlaut ákærði dóm fyrir vörslur fíkniefna í söluskyni og umferðarlagabrot. Refsing var ákveðin 218.000 króna sekt. Að lokum, með lögreglustjórasedkt þann 1. september 2025, gekkst ákærði undir greiðslu 200.000 króna sektar fyrir umferðarlagabrot.

Brot þau sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir í ákæruliðum I, II og III voru framin fyrir uppkvaðningu dóms 12. júlí 2022, dóms 18. desember 2024 og lögreglustjórasedktar þann 1. september 2025. Þá var brot í ákærulið III jafnframt framið að hluta til fyrir uppkvaðningu dóms 6. júní 2021. Verður honum því ákveðinn hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með brotum þeim sem ákærði er nú sakfelldur fyrir rauf hann einnig skilorð dóms 6. janúar 2021. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður refsing ákærða samkvæmt þeim dómi dæmd upp og refsing dæmd í einu lagi, sbr. 77. gr sömu laga. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að ákærði hafði þó nokkurt magn fíkniefna í vörslum sínum í söluskyni. Á hinn bóginn verður einnig litið til þess að langt er um liðið, en ákærða verður ekki kennt um þann drátt sem hefur orðið á málinu. Með vísan til framangreindra atriða er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. Þar sem langt er liðið frá brotunum, þykir rétt, eins og nú stendur sérstaklega á, að fresta fullnustu refsingar skilorðsbundið í eitt ár.

Ákærða Y hefur hreinan sakaferil. Við ákvörðun refsingar verður litið þess og þeirra sjónarmiða sem hér að ofan greinir um drátt málsins. Refsing ákærðu er ákveðin fangelsi í fjóra mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í eitt ár.

Að kröfu ákærvalds, og með vísan til 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 skulu ákærðu sæta upptöku á þeim eignum og munum er í dómsorði greinir.

Að kröfu ákærvalds og með vísan til dómsniðurstöðu verða ákærðu dæmd til greiðslu sakarkostnaðar, þ.m.t. þóknun skipaðra verjenda sinna, á rannsóknarstigi og fyrir dómi, eins og ákveðst í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum.

Berglind Harðardóttir aðstoðarmaður dómara kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í átta mánuði. Fresta ber fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnu einu ári frá uppsögu þessa dóms að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða, Y, sæti fangelsi í fjóra mánuði. Fresta ber fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnu einu ári frá uppsögu þessa dóms að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gerð eru upptæk 1.224,59 grömm af marijúana, 1.895 grömm af kannabislaufum, 330 grömm af kannabisstönglum, 8,39 grömm af hassolíu, hvítur Mazar straumbreytir, tveir Dutch Passion hitalampar, Mars Hydro hitalampi, loftblásari með þéttull utan um, grænt og svart gróðurhúsatjald, Eheim air 400 loftdæla, Trixie AP-180 loftdæla, Dospel loftblásari, Cornwall TT150 loftblásari og Tetra APS400 loftdæla.

Ákærði X greiði 777.480 krónur í sakarkostnað, þ.e. þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns.

Ákærða Y greiði 488.548 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar lögmanns, 335.730 krónur.